



HRUNAMANNAHREPPUR

57. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

21. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 21. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur.

Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdu við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður 24; beiðni um að fallið verði frá forkaupsréttir, Ásabyggð 12. Tillagan samþykkt samhljóða, tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

- Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 11. fundar frá 14. nóvember 2024.**
Lögð fram fundargerð 11. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

- Fundargerð 291. fundar skipulagsnefndar frá 13. nóvember 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember sl.**
Lögð fram fundargerð 291. fundar skipulagsnefndar frá 13. nóvember sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 34. Gröf og Laxárhlið: Víðihlíð 1-15 og Reynihlíð 3; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Grafar og Laxárhliðar á reit M2 sem telst til landnotkunar miðsvæðis innan þéttbýlisins að Flúðum, eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Breytingin varðar lóðir Víðihlíðar 1-15 og Reynihlíðar 3. Í breytingunni felst sameining 7 lóða í 2 lóðir. Núverandi landnotkun lóðanna samkvæmt deiliskipulagi gera ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsum á tveimur hæðum með heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Fjölbýlishúsum á tveimur hæðum, einbýlishúsum á einni hæð og raðhúsi á einni hæð. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að eftir standi heimild fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustuhúsum og 2-3 hæðum. Athugasemdir bárust að hálfu Skipulagsstofnunar og hafa gögn málsins verið uppfærð í takt við þær athugasemdir eins og við á.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti

innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Mál nr. 35. Flúðir Iðnaðarsvæði: Iðjuslóð 7, 9 og 11: Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi sem tekur til iðnaðarsvæðis á Flúðum í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að Iðjuslóð 7, 9 og 11 verði sameinaðar í eina lóð þannig að heildarstærð lóðar verður 6.233 m². Einnig breytast tengingar frá Iðjuslóð inn á nýja lóð 7-11 og neyðartengingu verður komið fyrir við Vallarslóð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þær sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þær sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mán nr. 36. Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum: Neðri-Hveradalir reitur 10; Bílastæði og þjónustuhús; Endurskoðað deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga sem tekur til deiliskipulags fyrir Neðri-Hveradalri í Kerlingarfjöllum eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarheimildum fyrir þjónustuhús og bílastæði við Neðri-Hveradalri. Ákveðið var að vinna nýtt deiliskipulag í stað þess að vinna breytingu á gildandi skipulagi svæðisins. Það felur í sér að við gildistóku nýs deiliskipulags fyrir reit 10, þá verður sama svæði fellt úr gildi í deiliskipulagi frá 2014 með óverulegri breytingu sem tekur gildi samhlíða framlagðri deiliskipulagstillögu. Samkvæmt tillöggunni verður heimilt að byggja allt að 20 m² þjónustuhús með salernum. Heimilt er að vera með palla umhverfis húsið og aðstöðu fyrir gesti til að setjast niður, njóta útsýnis og borða nesti. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi bílastæða geti verið allt að 84. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og viðbragða málsaðila við umsögn NÍ. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og

viðbragða málсаðila við umsögn NÍ. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 39. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember sl.

3. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 114. fundar stjórnar frá 23. október 2024.**
Lögð fram fundargerð 114. fundar stjórnar Byggðasamlangs UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 115. fundar stjórnar frá 4. nóvember 2024.**

Lögð fram fundargerð 115. stjórnar fundar Byggðasamlangs UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 116. fundar stjórnar frá 13. nóvember 2024.**

- Ásamt fjárhagsáætlun embættisins sem lögð er fram til staðfestingar. Einnig minnisblað frá KPMG til Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. (UTU)

Lögð fram fundargerð 116. fundar stjórnar Byggðasamlangs UTU bs. ásamt fjárhagsáætlun embættisins og minnisblaði frá KPMG.

Dagskráriður nr. 5, Fjárhagsáætlun UTU 2025-2028, afgreiddur sérstaklega með eftirfarandi hætti: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun fyrir árin 2025-2028.

Fundargerðin að öðru leyti ásamt meðfylgjandi minnisblaði lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

6. **SASS: Fundargerð aðalfundar frá 31. október – 1. nóvember 2024.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 1. nóvember 2024.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 1. nóvember 2024.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 19. stjórnarfundar frá 11. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 19. stjórnarfundar Arnardrangur hses.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

HJ

JS

DG

BR

AT

Erindi til sveitarstjórnar:

10. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 6. nóvember 2024.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um mál nr. 75, tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Lagt fram til kynningar.

11. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 6. nóvember 2024.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um mál nr. 79, frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 (réttur til sambúðar).

Lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála frá 8. nóvember 2024.

Lagt fram bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna stjórnsýslukærð þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar á samþykki deiliskipulags fyrir Brúarhlöð L234128.

Lagt fram til kynningar en skipulagsfulltrúi hefur þegar tekið að sér að svara kærunni.

13. Tilkynning frá Skipulagsstofnun um mál í Skipulagsgátt er fjallar um efnistöku við Kópsvatn.

Lögð fram tilkynning frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn Hrunamannahrepps vegna málsins „Efnistaka við Kópsvatn í Hrunamannahreppi, nr. 1369/2024.“

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við fyrirhugaða stækkun efnistökusvæðis við Kópsvatn og felur sveitarstjóra að koma þeirri afstöðu á framfæri. Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra að vinna að samkomulagi um aðgengi að nýrri námu um land sveitarfélagsins.

14. Samþykkt fyrir Brunavarnir Árnessýslu bs. – síðari umræða.

Lögð fram ný samþykkt Brunavarna Árnessýslu bs. til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða nýja samþykkt Brunavarna Árnessýslu bs.

15. Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs. – síðari umræða.

Lögð fram ný samþykkt Tónlistarskóla Árnesinga bs til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða nýja samþykkt Tónlistarskóla Árnesinga bs.

[Signature]

16. Samþykkt fyrir Bergrisann bs. – síðari umræða.

Lögð fram ný samþykkt Bergrisans bs. til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða nýja samþykkt Bergrisans bs.

33

17. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags (Trúnaðarmál).

Lögð fram umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags ásamt fylgigönum frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við beiðninni.

DGS

18. Bréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi frá 5. nóvember 2024.

Lagt fram bréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem óskað er eftir víðtæku samstarfi nágrannasveitarfélaganna með að halda ungmennaþing fyrir ungmennin. Áætlað er að

B

AD

miðað sé við starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Einnig er óskað í þessu samhengi eftir samstarfi við ungmennaráð umræddra sveitarfélaga og félagsmiðstöðvarnar.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til Ungmennaráðs sem og til Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar til umfjöllunar.

19. Minnisblað varðandi deiliskipulag Vesturbrún, Heimlandsreit og Vesturbrún, slétt götunúmer.

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra sem og uppdráttur af fyrstu drögum að nýju deiliskipulagi Vesturbrúna (slétt götunúmer), Heimlandsreits og Vesturbrúna.

Lagt fram til kynningar en málið mun í framhaldinu fá umfjöllun í skipulagsnefnd.

20. Bréf frá Kennarafélögum Suðurlands og Vestmannaeyja frá 8. nóvember 2024.

Lagt fram bréf frá Kennarafélögum Suðurlands og Vestmannaeyja með ályktun félaganna um yfirstandandi kjaradeilu kennara við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Umboð til kjarasamningsgerðar f.h. Hrunamannahrepps liggur hjá samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórn hvetur aðila til að ná samkomulagi í deiunni sem allra fyrst.

21. Ályktun frá Skólastjórafélagi Suðurlands frá 8. nóvember 2024.

Lögð fram ályktun frá Skólastjórafélagi Suðurlands þar sem skorað er á sveitarstjórnir á Suðurlandi að beita sér fyrir lausn á kjaradeilu Kennarasambands Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og íslenska ríkisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Umboð til kjarasamningsgerðar f.h. Hrunamannahrepps liggur hjá samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórn hvetur aðila til að ná samkomulagi í deiunni sem allra fyrst.

22. Bréf frá stjórni 8. svæðadeildar Félags leikskólakennara frá 13. nóvember 2024.

Lagt fram bréf frá stjórni 8. svæðadeilda Félags leikskólakennara með ályktun stjórnar um yfirstandandi kjaradeilu kennara við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar er skorað á sveitarstjórnir á Suðurlandi að beita sér fyrir lausn á kjaradeilu Kennarasambands Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og íslenska ríkisins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:

Umboð til kjarasamningsgerðar f.h. Hrunamannahrepps liggur hjá samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórn hvetur aðila til að ná samkomulagi í deiunni sem allra fyrst.

23. Tillaga um afslátt af gatnagerðargjöldum.

Lögð fram tillaga um afslátt af gatnagerðargjöldum þar sem lagt er til að veittur verði 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum átta atvinnulóða við Iðjuslóð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veittur verði 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum atvinnulóða við Iðjuslóð. Gildir afslátturinn af öllum lóðum við götuna sem úthlutað verður frá og með deginum í dag og til 1. september 2025. Einnig er hér lagt til að sami afsláttur gildi einnig fyrir þær úthlutanir sem átt hafa sér stað nú á haustmánuðum við Iðjuslóð.

Sveitarstjórn vonar að með því að veita riflegan afslátt af gatnagerðargjöldum atvinnulóða þá mun það glæða áhuga athafnafólks á Flúðum sem vænlegum kosti fyrir

uppbryggingu fyrirtækja og atvinnulífs. Með þessu móti gæti hverfið byggst hraðar upp en ella hefði orðið. Fjárfesting mun nýtast betur og fasteignagjöld koma í sveitarsjóð sem ekki hefur orðið raunin hvað Iðjuslóð varðar, nema að litlu leyti, frá því að gatan var lögð.

24. Beiðni um að tekin verði afstaða til forkaupsréttar, Ásabyggð 12.

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir afstöðu til forkaupsréttar sveitarfélagsins vegna Ásabyggðar 12.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti umræddrar eignar í þetta sinn.

Fjárhagsleg málefni:

25. Viðauki 3 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

Lögður fram viðauki 3 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann samhljóða.

26. Gjaldskrá Hrunaljóss, síðari umræða.

Lögð fram gjaldskrá Hrunaljóss til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í Stjórnartíðindum.

27. Gjaldskrá vatnsveitu, síðari umræða.

Lögð fram gjaldskrá vatnsveitu til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í Stjórnartíðindum.

28. Gjaldskrá fyrir fráveitur, fyrri umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir fráveitur til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

29. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, fyrri umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu en á milli umræðna verður gjaldskráin og sú eðlisbreyting á innheimtu gjalda sem þar er kynnt til umfjöllunar í Umhverfisnefnd.

30. Gjaldskrá Leikskólans Undralands á Flúðum.

Lögð fram gjaldskrá leikskólans Undralands á Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá Leikskólans Undralands á Flúðum en þar felst helsta efnislega breytingin í breyttu fyrirkomulagi systkinaafsláttar en gjöld hækka almennt um 3,5% á milli ára. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna eldri en 12 mánaða sem eru á biðlista eftir leikskólaplássi verði kr. 120.000,- á mánuði þar til barni býðst leikskóladvöl.

31. Gjaldskrá fyrir mótneyti Flúðaskóla, Skólasels og Frístundar.

Lögð fram gjaldskrá fyrir mótneyti Flúðaskóla, Skólasels og Frístundar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða gjaldskrá fyrir mótneyti Flúðaskóla, Skólasel og Frístund.

32. Gjaldskrá íþróttamannvirkja Hrunamannahrepps.

Lögð fram gjaldskrá fyrir íþróttamannvirkjum Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða gjaldskrá fyrir íþróttamannvirkjum Hrunamannahrepps. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að fristundatyrkur verði 55.000,- pr. barn á árinu 2025. Styrkurinn fæst greiddur vegna þátttöku barna á aldrinum 0-18 ára í íþrótt-, lista- og tómstundastarfí hvort sem slikt er stundað innan Hrunamannahrepps eða utan.

33. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis og nefndarmanna.

Lögð fram tillaga að greiðslu þóknunar til embættis og nefndarmanna.

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu tillögunnar til næsta fundar.

34. Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps A og B hluta, Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss 2025 ásamt þriggja ára áætlun, fyrri umræða.

Lögð fram fjárhagsáætlun 2025 fyrir Hrunamannahrepp, Hitaveitu Flúða og Hrunaljós ásamt þriggja ára áætlun, til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps, Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss 2025, ásamt þriggja ára áætlun til síðari umræðu.

Eftirfarandi forsendur vegna fjárhagsáætlunar ársins 2025 lagðar fram til samþykktar:

Álagningarársprósent 2025:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útsvarsprósent Hrunamannahrepps árið 2025 verði 14,97%.

Álagningarárlutfall fasteignaskatts 2025:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að álagningarársprósent fasteignaskatta verði sem hér segir:

Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki verður 0,45% lækkar úr 0,47%.

Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki verður 1,32%

Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki verður 1,32%

Viðmiðunarupphæðir vegna tekjutengds afsláttar eldri borgara og öryrkja verða lagðar fram á fundi sveitarstjórnar í desember.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lóðarleiga íbúðar- og sumarhúsa í A-flokki, opinberra bygginga í B flokki og atvinnuhúsnæðis í C flokki verði 0,5% af lóðarhlutamati sbr. lóðaleigusamninga á árinu 2025.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun til síðari umræðu sem fram mun fara á reglulegum fundi sveitarstjórnar þann 5. desember 2024.

Mál til kynningar:

35. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 954. fundar stjórnar frá 4.11.2024.

Lagt fram til kynningar.

BK
H

JSB

DGS

BB

36. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 955. fundar stjórnar frá 15.11.2024.
Lagt fram til kynningar.

37. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 77. fundar frá 30. október 2024.
Lagt fram til kynningar.

38. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 78. fundar frá 7. nóvember 2024.
- Ásamt stefnumörkun og starfsáætlun Samtaka orkusveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:39.

Bjarney Ógmundsdóttir
Dóð: Geit Samuelsson
Hauðora Höskuld


Gísli Þóður

Allið Kopfleid